Framkvæmd

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd
Byrjun		
1. Vitneskja um aðstæður eða aðgangsbann	Lýsing á aðstæðum / Ísleyfur	1. Ef skoðunarmaður (skm) á einhverju stigi skoðunar í starfstöð, sér atriði eða aðstæður sem geta haft áhrif á öryggi matvæla og lagfæra þarf strax eða ef honum er meinað um aðgang að starfstöð hefur hann samband við fagsviðsstjóra eða héraðsdýralækni og kynnir honum málið. Sá aðili tekur lokaákvörðun um aðgerðir í samráði við skm.
2. Ákvörðun um aðgerðir	Aðgerðar-áætlun / Ísleyfur	2. Fagsviðsstjóri/héraðsdýralæknir metur hver eftirtalinna aðgerða til að ná fram úrbótum sé heppilegust: a) Stöðva starfsemi að öllu leyti eða að hluta. b) Stöðva/takmarka framleiðslu og/eða dreifingu vöru/afurða c) Aðrar aðgerðir. Einnig þarf að ákveða hvað skuli gera við þær vörur/afurðir sem hafa verið framleiddar í fyrirtækinu, s.s. haldlagning eða förgun.
3. Stöðvunar-aðgerðir	Ísleyfur	3. Skoðunarmaður skrifar skýrslu í Ísleyfi þar sem frávikinu og þeirri hættu sem það skapar er lýst og gerðar kröfur um úrbætur. Þess skal getið hvað gert skuli við vörur/afurðir. Gefinn skal kostur til andmæla á vettvangi og það tilgreint í skýrslu. Kærufrestur skal einnig tilgreindur. Felist ákvörðun í stöðvun starfsemi fær upplýsingafulltrúi afrit af ákvörðunarbréfi að andmælafresti liðnum. Hann birtir frétt um stöðvun skv. upplýsingastefnu.
4. Frammistöðu-flokkun endurskoðuð	Ísleyfur	4. Frammistöðuflokkun starfstöðvar er endurskoðuð.
Endir		